

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 104/2013

2013/EES/64/33

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun farþega og annarra einstaklinga en farþega með sneflgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt því að nota handmálmleitartæki (HHMD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til *efjárarandi*:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi, sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 300/2008 ⁽²⁾, er kveðið á um að framkvæmdarreglurnar, sem á að samþykkja skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, heimili notkun sneflgreiningartækis fyrir sprengiefni (ETD) og handmálmleitartækis (HHMD) við skimun einstaklinga (farþega og annarra einstaklinga en farþega).
- 2) Reynslan hefur sýnt að handleit á farþegum og öðrum einstaklingum en farþegum er ekki alltaf skilvirkasta aðferðin við að skima tiltekin svæði á viðkomandi einstaklingi, einkum þegar erfitt er að rannsaka þessi svæði, s.s. tiltekinn höfuðbúnað, gifsumbúðir og gervilimi.
- 3) Prófanir hafa sýnt fram á skilvirkni þess að nota bæði sneflgreiningartæki fyrir sprengiefni og handmálmleitartæki í slíkum tilvikum. Enn fremur getur notkun sneflgreiningartækis fyrir sprengiefni og handmálmleitartækis auðveldað skimunarferlið og ekki reynst eins ágeng skimunaraðferð og handleit sem stuðlar þar með að því að skimunaraðferðin verður þægilegri fyrir þá einstaklinga sem eru skimaðir.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Forseti.

José Manuel BARROSO

- 4) Því er gagnlegt og réttlætanlegt að heimila þessar aðferðir við skimun þessara svæða á einstaklingi þegar handleit telst óskilvirk og/eða óæskileg, s.s. þegar um er að ræða tiltekinn höfuðbúnað, gifsumbúðir eða gervilimi.
- 5) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, sem viðurkennd eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið um mannlega reisn, trúfrelsi, bann við mismunun, réttindi fatlaðs fólks og rétt til frelsis og mannhelgi. Að því marki sem þessi réttindi og meginreglur eru takmörkuð, skulu slíkar takmarkanir eingöngu þjóna þeim tilgangi að uppfylla markmið almannahagsmuna og þörfina til að vernda réttindi og frelsi annarra og þar með að virða skilyrðin sem mælt er fyrir um í 52. gr. sáttmálans. Beita verður ákvæðum þessarar reglugerðar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 6) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 ⁽³⁾ til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2013 frá 8. november 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010:

1) eftirfarandi f-liður bætist við í lið 1.3.1.1:

„f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt handmálmeitartæki (HHMD).“

2) Í stað liðar 1.3.1.2 komi eftirfarandi:

„1.3.1.2. Liðirnir 4.1.1.3 – 4.1.1.6 og 4.1.1.10 – 4.1.1.11 gilda um skimun annarra einstaklinga en farþega.“

3) Eftirfarandi e-liður bætist við í lið 4.1.1.2:

„e) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmeitartæki.“

4) Eftirfarandi nýr liður 4.1.1.11, með eftirfarandi orðalagi, bætist við:

„4.1.1.11. Aðeins er heimilt að nota snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmeitartæki í þeim tilvikum þegar vopnleitarmaðurinn telur að handleit á tilteknum svæðum einstaklings sé óskilvirk og/eða óæskileg.“
